

# Námsáætlun MYN173 – Myndlist I (frjálst val)

Kennari: Helga Árnadóttir

Áhersla er lögð á að nemendur kynnist myndsköpun á sem breiðustum grunni og nái að vinna með sem flesta þætti í eigin myndsköpun á skapandi og sjálfstæðan hátt. Kynning á myndlistarmönnum og myndlistarstefnum verður fléttuð inni kennsluna þar sem við á. Nemendur vinna allmörg smærri verkefni sem byggja á tækni og aðferðum og eitt stærra verkefni í lok annarinnar þar sem hver nemandi velur sér viðfangsefni í samráði við kennara.

Kennslan fer fram í fyrirlestraformi, í umræðum og sem verkleg kennsla.

## Markmið áfangans:

### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hlutverki myndlistar í lífi okkar og menningu
- nokkrum helstu tæknilegum aðferðum og lögmálum við gerð myndverka
- þýðingu myndmáls til að ná fram áhrifum og boðskap

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með mismunandi efni og aðferðir við gerð myndverka
- að vinna með myndbyggingu, litafræði, formfræði og fjarvídd
- að skoða og greina myndverk

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna myndverk á sjálfstæðan og skapandi hátt
- taka þátt í umræðum um myndlist á gagnrýnin hátt út frá innihaldi, boðskap, aðferðum og lögmálum myndlistar
- nýta sér heimildir og umhverfi sem uppsprettu fyrir eigin sköpun

**Efni og verkfæri:** Afnot af verkfærum og efni í flest verkefni er innifalið í áfangagjaldi. Mögulegt er að nemandi þurfi að útvega sér efni í lokaverkefni en það fer eftir umfangi þess verkefnis sem nemandinn vellur sér. **Áfangagjald er 3500 kr.**

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Lögð er áhersla á símat og einnig skila nemendur inn verkefnum annarinnar á tilsettum tíma til frekara námsmats.

- Verkefni annarinnar og hugmyndavinna **60%**
- Lokaverkefni **30%**
- Skil, framsetning og frágangur **10%**

## Tímaáætlun:

Vika: 1 -4 Tvívídd - þrívídd. Unnið verður með skyggingu og undirstöðuatriði línuþrívíddar.  
Verkfæri/efni : blýantur, kol, svartkrít.

Vika: 5 – 7 Fríhendisteikning: uppstillingar, andlitsteikning, líkamsteikning.  
Verkfæri/efni : blýantur, kol, svartkrít, litakrít og túss/blek.

Vika: 8 – 12 Litafræði og málun.

Verkfæri/efni: olíulitir og akryllitir

Skil á öllum verkefnum nema lokaverkefni til námsmats.

Vika: 13 -15 Lokaverkefni

Vika: 16 Skil á lokaverkefni og uppsetning á sýningu.

Með fyrirvara um breytingar.